

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B39-44

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Rit B64-65 árið 2003 inniheldur endurprentaðar bls. 641-642.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 39-44

Nr. 223-241

2003

Efnisyfirlit B 39-44 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
223	24. mars	Reglugerð um yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag, sbr. 57. gr. C laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum	613-614
224	26. mars	Reglugerð um takmarkanir á heimild til veiða á sæbjúgum ..	614-615
225	26. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. maí 2002, um þorskfisknet	615
226	28. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins	616-621
227	28. mars	Reglugerð um úrvinnslugjald	622-626
228	31. mars	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi á Akranesi	627
229	31. mars	Reglugerð um Kvikmyndasjóð	628-632
230	31. mars	Reglugerð um bann við línuveiðum á Kötlugrunni	633
231	1. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 743/2002 um búfjárfertilit o.fl.	634
232	3. apríl	Reglugerð um afnám reglugerða um bann við veiðum út af Deild og Gelti	635
233	1. apríl	Gjaldskrá Heyrnar- og talmeinastöðvar fyrir þjónustu við þá sem eru með heyrnar- og talmein	635-636
234	1. apríl	Reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki fyrir þá sem eru með heyrnarmein	636-639
235	1. apríl	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	639
236	24. mars	Reglugerð um viðvörðunarkerkingar á tóbaki og mælingar og hámark skaðlegra tóbaksefna	640-647
237	19. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014, Hvassahraun	648
238	4. apríl	Reglugerð um eldi nytjastofna sjávar	648-654
239	27. mars	Reglugerð um notkun staðlaðra eyðublaða við birtingu opinberra útboðsauglýsinga samkvæmt lögum um opinber innkaup, nr. 94/2001	655-813
240	18. mars	Auglýsing um breytta gjaldskyldu á bílastæðum við Skólavörðustíg neðan Bergstaðastrætis og Bergstaðastræti milli Laugavegar og Skólavörðustígs	814
241	4. apríl	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma	815-816

REGLUGERÐ

um yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag, sbr. 57. gr. C laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

1. gr.

Einstaklingi í atvinnurekstri er heimilt að yfirfæra rekstur sinn yfir í einkahlutafélag sbr. lög um einkahlutafélög og skal yfirfærslan sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið, enda sé skilyrðum reglugerðar þessarar fullnægt.

2. gr.

Einkahlutafélag á grundvelli 57. gr. C verður ekki stofnað sbr. 1. gr. laga um einkahlutafélög, án framlagðs lágmarks hlutfjár, sem fólgið skal í verðmæti eigin fjár sem yfirfærast frá einstaklingsrekstrinum samkvæmt efnahagsreikningi þess skv. 4. gr., sbr. þó 7. gr.

3. gr.

Eigandi einstaklingsrekstrarins skal bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Jafnframt skal félagið sem tekur við rekstrinum skráð hér á landi og bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Við yfirfærsluna skal eigandi rekstrarins eingöngu fá hluti í félaginu sem gagngjald fyrir yfirfærðar eignir og skuldir rekstrarins. Í tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög, fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins sem jafnframt skal vera stofnefnahagsreikningur einkahlutafélagsins.

4. gr.

Efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins skal miða við 31. desember og má hann ekki vera eldri en fjögurra mánaða við stofnun einkahlutafélagsins. Skal hann endurskoðaður af endurskoðanda og áritaður án fyrirvara. Endurskoðandi skal staðfesta að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað vegna úttektar eiganda frá þeim tíma sem yfirfærslan skal miðuð við og fram að stofnun félagsins.

5. gr.

Í skattalegu tilliti telst einkahlutafélagið yfirtaka rekstur og efnahag frá dagsetningu efnahagsreiknings einstaklingsrekstrarins. Þó ber sá sem stundaði reksturinn jafnframt ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra skatta og gjalda sem varða reksturinn fyrir stofnun félagsins.

Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingu um yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag skal ennfremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins.

6. gr.

Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, enda séu skilyrði 8. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt uppfyllt.

7. gr.

Eignir og skuldir einstaklingsrekstrarins skulu yfirfærast á bókfærðu verði.

Hafi eignir einstaklingsrekstrarins verið endurmetnar við stofnun einkahlutafélagsins með fullnægjandi hætti að mati hlutafélagaskrár, sbr. II. kafla laga um einkahlutafélög og endurmatið fært í samræmi við lög um ársreikninga, skal endurmatshækkun hvorki skattlögð í einstaklingsrekstrinum né hjá félaginu. Stofnverð þessara eigna og eftirstöðvar fyrningarverðs telst þrátt fyrir endurmat þeirra, hið sama hjá einkahlutafélaginu og það var í einstaklingsrekstrinum, sbr. 6. gr.

8. gr.

Stofnverð gagngjalds hluta í einkahlutafélaginu, sbr. 2. gr., ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi einstaklingsrekstrarins að teknu tilliti til aukafyrninga.

Selji einstaklingur hluti sem hann fékk við yfirfærslu samkvæmt reglugerð þessari telst stofnverð þeirra við ákvörðun söluhagnaðar vera jafnt skattalegu bókfærðu eigin fé samkvæmt efnahagsreikningi einstaklingsrekstrarins.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2003 vegna rekstrarársins 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 24. mars 2003.

Geir H. Haarde.

Baldur Guðlaugsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á heimild til veiða á sæbjúgum.

1. gr.

Allar veiðar með plógum á sæbjúgum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar. Ráðuneytinu er þó heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á sæbjúgum samkvæmt 13. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. maí 2002, um þorskfisknet.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota til þorskfiskveiða, er 5 og 1/2 þumlungur (139,7 mm).

Frá 1. maí 2003 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 9 þumlungar (228,6 mm).

Frá 1. maí 2004 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 8 þumlungar (203,3 mm).

Frá 1. janúar 2005 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 7 og 1/2 þumlungur (190,5).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 2003

Nr. 226

616

28. mars 2003

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. apríl 2003.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, breytist þannig:

III. TENGIGJÖLD.

Tengigjaldakaflinn skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta kafla er fjallað um þéttbýli, í öðrum kafla um dreifbýli, þriðji kaflinn fjallar um hitaveitur og fjórði kaflinn er almennur kafla.

1. Þéttbýli.

Til þéttbýlis teljast skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót.

Í þéttbýli sem tengist veitusvæðum RARIK gilda eftirfarandi skilgreiningar og ákvæði um tengigjöld:

1.1 *Heimtaugar.*

Heimtaugar í þéttbýli greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.2 *Aðalheimtaugar.*

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru háð stærð heimtaugar. Lágmarksstærð eins og þriggja fasa heimtaugar er 50 A. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Fyrir uppsetningu viðbótarmælis fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug greiðast 18.300 kr. fyrir hvern notanda. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugahafa. Þar sem notendur eru fleiri en 5 (til dæmis í fjölbýlishúsum) greiðist fullt gjald fyrir fyrstu 5 mælana en hálf gjald fyrir mæla umfram 5 í sama verkinu.

Tengigjöld:

Málstraumur/gerð

50 A einfasa	105.400 kr.
50 A þriggja fasa	118.000 kr.
100 A þriggja fasa	186.300 kr.
200 A þriggja fasa	374.700 kr.
315 A þriggja fasa	590.000 kr.
400 A þriggja fasa	748.000 kr.
500 A þriggja fasa	935.000 kr.
630 A þriggja fasa	1.179.000 kr.
800 A þriggja fasa	1.500.000 kr.
1200 A þriggja fasa	2.132.000 kr.

Tengigjöld geta þó hækkað við frávik samanber grein 1.9. Einungis er afgreidd ein heimtaug í hvert hús (þó má gera undantekningu í raðhúsum og parhúsum). Ofangreint verð miðast við að strengur sé kominn inn í töflu ótengdur, tengingar í töflu eru á vegum eiganda.

1.3 Ómældar smáheimtaugar.

Gjald fyrir ómélta smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er 36.100 kr. og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast 302 kr./m. Öll jarðvinna svo sem: gröftur, söndun og frágangur er *undanskilin* í ofangreindu gjaldi. Ef jarðvinna er að hluta eða öllu leyti unnin af RARIK skal hún greidd eftir skriflegu tilboði.

1.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Grunngjald fyrir bráðabirgðaheimtaugar er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð

50 A einfasa	18.300 kr.
50 A þriggja fasa	25.900 kr.
100 A þriggja fasa	28.300 kr.

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks samkvæmt skriflegu tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. *Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.*

1.5 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi um jarðvinnu á eigin lóð.

1.6 Staðsetning.

Leita skal samþykkis RARIK fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar.

1.7 Framkvæmd.

Umsækjanda ber að leggja á sinn kostnað plaströr fyrir heimtaugastreng út fyrir lóðamörk í samráði við RARIK og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.2.6. Ef farið er fram á að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal umsækjandi sjá um alla jarðvinnu.

1.8 *Spennistöð.*

Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar lóð er lögð til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu lóðarinnar. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota svo sem um brunahólf og að öðru leyti fullnægja byggingareglugerð. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

1.9 *Aukakostnaður og frávik.*

Fyrir heimtaugar á svæði þar sem skipulagsvinnu er ólokið eða heimtaugar stærri en 1200 A gerir RARIK skriflegt tilboð um tengigjald. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt skriflegu tilboði. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá auk 18.300 kr. fasts gjalds. Skoða skal töflu í grein 1.2 sem lágmarksgjald fyrir tilboð í heimtaug. Sé fyrirsjáanlegt vegna lengdar heimtaugar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar eða stækkun verði meira en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um í grein 1.2 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

1.10 *Götulýsing.*

Gjald fyrir uppsetningu götuljósa í þéttbýli er eftirfarandi:

Stígalýsing	4-5 m,	80 W HQ,	30 m strengur	73.300 kr.
Götuljósastaur	6,3 m,	100 W NA,	28 m strengur	89.000 kr.
Götuljósastaur	6,3 m,	125 W HQ,	28 m strengur	85.400 kr.
Götuljósastaur	8 m,	100 W NA,	33 m strengur	104.000 kr.
Götuljósastaur	8 m,	125 W HQ,	33 m strengur	100.600 kr.
Götuljósastaur	10 m,	150 W NA,	40 m strengur	128.300 kr.

Aðrar stauragerðir skulu afgreiddar eftir skriflegu tilboði.

Fyrir staura er veittur 15% afsláttur af verði viðbótarstaus, umfram 10 stk., þar sem um er að ræða staura á sama stað í samfallandi verki sem samið er um í einu lagi.

2. Dreifbýli

2.1 *Tengigjöld á skipulögðu svæði í dreifbýli.*

Með skipulögðu svæði er átt við afmarkað hverfi, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Tengigjöld:

Málafli

5 kVA Heimtaug	238.000 kr.
10 kVA Heimtaug	262.000 kr.
25 kVA Heimtaug	305.000 kr.
50 kVA Heimtaug	375.000 kr.
100 kVA Heimtaug	483.000 kr.

Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar (þó er 5 kVA heimtaug aðeins afgreidd einfasa) háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis, sem uppfylla ákvæði greinar 2.3, þ.e. 5 hús eða fleiri tengjast í upphafi eða ef spennistöð er til staðar. Meðallengd heimtaugar og lágspennudreifikerfis, án þess að til greiðslu umframgjalds komi, má ekki fara yfir 200 m.

Umframgjald fyrir hvern metra á bilinu 200 m til 350 m 830 kr.

Notandi sem er lengra en 350 m frá spennistöð greiðir samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni og hið sama á við um stækkanir síðar meir.

Sé fyrirsjáanlegt vegna aðstæðna að kostnaður við lagningu verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í grein 2.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá auk 18.300 kr. fasts gjalds. Verði kostnaður við stækkun meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

2.2 *Eftirlit.*

Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaieganda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við RARIK heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar, sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

2.3 *Fjöldi og lengd.*

Í upphafi þurfa a.m.k. 5 hús á skipulögðu svæði að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Tengigjöld fyrir einstakar viðbótarheimtaugar frá spennistöð sem er fyrir hendi falla einnig undir gr. 2.1. Meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis fari ekki yfir 200 m. Umframlengd greiðist samkvæmt gr. 2.1. Lengd háspennudreifikerfis sem leggja þarf að skipulögðu svæði má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð, nema að til komi greiðsla fyrir umframlengd samkvæmt skriflegu tilboði.

2.4 *Uppbygging.*

Sé fyrirsjáanlegt, að mati RARIK, að svæði sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, getur RARIK krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur enn fremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

2.5 *Lega.*

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.6 / 3.11. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra. RARIK leggur til mælakassann, en rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

2.6 *Ný háspennulögn.*

Sé ný háspennulögn lögð fyrir einn eða fleiri notendur greiðist kostnaður að fullu. Nemi gjaldið fyrir lögnina hærri upphæð en 593.000 kr. á hvern notanda skulu gilda sömu reglur og í gr. 2.10 um kostnaðarpátttöku notenda sem síðar tengjast línunni og endurkröfurétt þeirra sem upphaflega greiddu. Fari línulengd til einstaks notanda yfir 2 km er RARIK heimilt að krefjast árlegs viðbótarfastagjalds fyrir vegalengd umfram 2 km.

2.7 *Ný spennistöð.*

Fyrir nýja spennistöð, einfasa eða þriggja fasa, greiðir notandi fast verð.

Fyrir 10 kVA spennistöð:	282.000 kr.
Fyrir 25 kVA spennistöð:	360.000 kr.
Fyrir 50 kVA spennistöð:	450.000 kr.
Fyrir 100 kVA spennistöð:	540.000 kr.

Sama verð greiðist hvort sem um einfasa eða þriggja fasa spennistöð er að ræða. Stærri spennistöðvar eru afgreiddar eftir tilboði hverju sinni. Til viðbótar greiðslu fyrir spennistöðina greiðir notandi samkvæmt grein 2.1 fyrir heimtaugina. Verði kostnaður við spennistöð meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um skal greiða til viðbótar þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

2.8 *Þrífösun spennistöðvar.*

Gjald fyrir þrífösun á spennistöð að ósk notanda skal vera 155.000 kr. þar sem skipta þarf um spennistöð auk 18.300 kr. á hvern notanda. Fyrir þrífösun spennistöðvar sem fram fer samhliða því að RARIK er að þrífasa og endurnýja háspennukerfið greiðir hver notandi 18.300 kr. Fyrir þrífösun síðar, þar sem þrífasa spennir er til staðar, greiðast 36.600 kr. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa.

2.9 *Þrífösun háspennulagnar.*

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt skriflegu tilboði RARIK allt að 593.000 kr. Fyrir kostnað umfram 593.000 kr. vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.

2.10 *Endurkröfuréttur.*

Hafi notandi greitt hærri upphæð en 593.000 kr. fyrir nýja háspennulögn eða þrífösun háspennukerfis skal eftirfarandi gilda:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi skulu þeir taka samsvarandi þátt í kostnaði, óski þeir þrífösunar innan 5 ára frá verklokum, og skal þá sá sem upphaflega greiddi þrífösunargjald eiga endurkröfurétt þannig að kostnaði sé jafnað á milli notenda. Kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur skal þó árlega lækka um 20% og falla niður að 5 árum liðnum.

2.11 *Aukakostnaður og frávik.*

Gjald fyrir heimtaugar og spennistöðvar sem eru stærri en getið er um í greinum 2.1 og 2.7 er samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni, þó að lágmarki samkvæmt greinum 2.1 og 2.7. Sama gildir um hverfi sem ekki uppfylla greinar 2.3. og 2.4.

Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt skriflegu tilboði. Um bráðabirgðaheimtaugar í dreifbýli, viðbótarmæla og smáheimtaugar gilda sömu reglur og í þéttbýli (gr. 1.2, 1.3, 1.4 og 1.7).

2.12 *Breytingar.*

Greiðsla vegna breytinga á heimtaug, spennistöð eða öðrum kerfishlutum fer eftir skriflegu tilboði hverju sinni. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug er það gert notanda að kostnaðarlausu ef frá er talin jarðvinna.

Séu fleiri en ein loftlínuheimtaug frá sömu spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis. Óski notandi eftir stækkun heimtaugar skal hann greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 2.1, annars samkvæmt tilboði.

2.13 *Götuljós.*

Greiðsla fyrir uppsetningu götuljósa í dreifbýli skal vera eftir skriflegu tilboði RARIK hverju sinni og í öllum tilfellum skal hún vera sérmæld.

3. Hitaveitur.3.1 *Tengigjöld.*

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 118.000 kr.
Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 45.000 kr.

3.2 *Takmörkun.*

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

3.3 *Aukakostnaður.*

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt gr. 3.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

3.4 *Frávik og breytingar.*

Gjöld fyrir aðrar stærðir en um getur að ofan svo og breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

4. Annað.4.1 *Gjöld.*

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimtaugar og götuljós eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

4.2 *Frágangur.*

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.

4.3 *Endurtenging.*

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefst notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta A.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk kostnaðar við endurtengingu.

4.4 *Breytingar.*

Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. mars 2003.

F. h. r.

Helgi Bjarnason.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um úrvinnslugjald.

I. KAFLI

Gjaldskyldar vörur.

1. gr.

Gjaldskyldar vörur.

Greiða skal í ríkissjóð úrvinnslugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru innanlands.

Úrvinnslugjald skal leggja á vöruflokka, á nýjar og notaðar vörur, eins og nánar er kveðið á um í viðaukum með lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald að undanskildu tollskrárnúmeri 2710.1920. Við flokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987.

Greiða skal úrvinnslugjald af ökutækjum eins og nánar er mælt fyrir um í IV. kafla reglugerðar þessarar.

Skattstjórar og innlendir framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun framleiðsluvöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollyfirvalda um tollflokkun er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfirvöld.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn úrvinnslugjalds skal miðast við stykkjatölu eða þyngd í kílógrömmum hinnar gjaldskyldu vöru ásamt smásöluumbúðum. Ef gjaldskyld vara er hluti af annarri vöru miðast gjaldstofn við heildarþyngd gjaldskyldu vörunnar. Ef um er að ræða umbúðir með gjaldskyldri vöru, sem eingöngu eru notaðar til flutnings hennar og ekki eru smásöluumbúðir, skal þyngd þeirra ekki reiknuð með við ákvörðun gjaldstofns.

II. KAFLI

Gjaldskyldir aðilar og skráning.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að greiða úrvinnslugjald samkvæmt reglugerð þessari hvílir á eftirtöldum aðilum:

1. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, til endursölu.
2. Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, til eigin nota.
3. Öllum sem framleiða gjaldskyldar vörur, samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, innanlands.

Gjaldskyldan tekur til allra framleiðenda og innflytjenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verkataka og annarra aðila sem flytja inn eða framleiða umræddar vörur.

4. gr.

Tilkynningarskylda og skráning.

Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starf-

semi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili. Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, skv. 4. mgr. 6. gr. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram skal tilkynna skattstjóra eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting varð.

III. KAFLI

Álagning gjalds, uppgjörstímabil, gjalddagar, greiðslufrestur, skýrslur, álag og dráttarvextir.

5. gr.

Álagning gjalds.

Tollstjórar skulu annast álagningu og innheimtu gjalds af gjaldskyldum innfluttum vörum og skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Skattstjórar annast álagningu gjalds vegna innlendar framleiðslu sem tollstjórar innheimta.

Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum.

6. gr.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendar framleiðslu á gjaldskyldum vörum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við sölu hinnar endanlegu vöru.

Innlendur framleiðandi, samkvæmt reglugerð þessari, telst ekki sá aðili er tappar drykkjarvöru á gjaldskyldar samsettar pappaubúðir, sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af við innflutning. Ber honum því ekki að skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu skv. 7. gr., enda hafi úrvinnslugjald vegna vörunnar verið að fullu greitt við innflutning hinna gjaldskyldu pappaubúða. Þá telst jafnframt innlendur framleiðandi ekki sá aðili er við sólningu hjólbarða notar einvörðungu gjaldskyld hráefni og ber honum því ekki að skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu skv. 7. gr.

Hvert uppgjörstímabil vegna innfluttrar vöru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., er tveir mánuðir eins og tilgreint er í 1. mgr. Gjalddagi hvers tímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

Innflytjendur sem flytja vörur til landsins til endursölu skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Um greiðslufrest úrvinnslugjalds vegna innfluttrar vöru fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

7. gr.

Skýrslur, álag og dráttarvextir.

Gjaldskyldir aðilar skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber gjald af á uppgjörstímabilinu. Skattstjóri skal áætla gjald af við-

skiptum þeirra aðila sem skila ekki skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki herra en 10%.

Sé gjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal gjaldandi greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

IV. KAFLI

Úrvinnslugjald á ökutæki.

8. gr.

Úrvinnslugjald á ökutæki.

Skráður eigandi gjaldskylds ökutækis skal á hverju gjaldtímabili greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 520 kr. fyrir hvert gjaldskyldt ökutæki sitt skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gjalddagar úrvinnslugjalds á ökutæki eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar – 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí – 31. desember. Gjaldið skal innheimt með bifreiðagjaldi og fer um greiðsluskyldu, gjalddaga, eindaga, álagningu, innheimtu gjaldsins og kærheimild samkvæmt lögum um bifreiðagjald.

Bifreiðar sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laga um bifreiðagjald eru jafnframt gjaldskyldar.

Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að full 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi.

9. gr.

Skilagjald á ökutæki.

Greiða skal skilagjald, 10.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskyldt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

V. KAFLI

Starfsemi Úrvinnslusjóðs.

10. gr.

Skilun úrgangs.

Sveitarstjórn skal leggja til og sjá um að rekin sé móttökustöð fyrir förgun úrgangs og söfnunarstöð. Framleiðendum úrgangs eða þeim sem hafa úrgang í vörslu sinni ber að skila úrgangi sem fellur til vegna gjaldskyldrar vöru til söfnunarstöðva. Þó skulu fyrirtæki skila úrgangi til móttökustöðva ef þær eru starfandi á viðkomandi svæði.

11. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Innheimtumaður ríkissjóðs lætur Úrvinnslusjóði í té fyrir hvert uppgjörstímabil upplýsingar um álagt gjald, frádrátt vegna innlestrar framleiðslu, gjaldstofn úrvinnslugjalds og gjaldskyldar vörur sem fluttar eru úr landi samkvæmt tollskrárnúmerum.

12. gr.

Endurgreiðslur Úrvinnslusjóðs.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið. Réttur til endurgreiðslu stofnast á því tímabili sem varan er flutt út.

Sé úrgangur gjaldskyldrar vöru sannanlega fluttur úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi skal í samræmi við samning, milli Úrvinnslusjóðs og framleiðanda úrgangs eða þess sem hefur úrgang í vörslu sinni, endurgreiða útflytjanda hluta úrvinnslugjaldsins enda liggi fyrir samningur við viðurkenndan endurnýtingar- eða förgunaraðila um móttöku úrgangsins. Endurgreiðslan skal fara fram þegar fyrir liggur staðfesting um endurnýtingu eða förgun úrgangs.

Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila enda liggi fyrir samningur við viðurkenndan endurnýtingar- eða förgunaraðila um móttöku úrgangsins. Endurgreiðslan skal fara fram þegar fyrir liggur staðfesting um endurnýtingu eða förgun úrgangs.

13. gr.

Framkvæmd verkþátta.

Úrvinnslusjóður skal að jafnaði bjóða út einstaka verkþætti til allt að fimm ára í senn. Takist útboð ekki eða ef ekki er grundvöllur til útboðs skal Úrvinnslusjóður gera verksamninga við aðila um úrvinnslu úrgangs. Í útboðum og verksamningum, skal kveða á um framvísun vottorða frá móttökustöð sem hefur gilt starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Úrvinnslusjóður skal standa undir hluta af rekstrarkostnaði varðandi meðferð flokkaðs úrgangs í söfnunarstöð, sem til er kominn vegna vara sem greitt hefur verið af úrvinnslugjald, samkvæmt reglum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá ber Úrvinnslusjóði að greiða fyrir flutning þessa úrgangs til móttöku- eða endurnýtingarstöðvar samkvæmt nánari reglum Úrvinnslusjóðs að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

VI. KAFLI

Bókhald o.fl.

14. gr.

Tekjur Úrvinnslusjóðs.

Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt reglugerð þessari skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af þeim tekjum.

15. gr.

Úrvinnslugjald sem stofn til virðisaukaskatts.

Úrvinnslugjald myndar stofn til virðisaukaskatts.

16. gr.

Bókhald.

Gjaldskyldir aðilar, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um úrvinnslugjald.

Í bókhaldi gjaldskyldra aðila skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sérstaka reikninga fyrir innkaup og sölu gjaldskyldrar vöru. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé á grundvelli þeirra hægt að reikna með beinum hætti fjárhæðir úrvinnslugjalds. Þeir sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda sölu gjaldskyldra vara greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu. Loks skal aðgreina sölu og innkaup gjaldsskyldrar starfsemi eftir gjaldtegund og gjaldflokkum.

17. gr.

Útgáfa sölureikninga.

Gjaldskyldur aðili skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal færa sölu og aðra afhendingu á sölu-reikning þannig að magn, tegund og heildarverð vöru ásamt fjárhæð úrvinnslugjalds komi fram.

Seljendum vöru, sem ekki er úrvinnslugjaldsskyld, er óheimilt að tilgreina úrvinnslugjald á sölureikningi. Geri þeir það skulu þeir skila gjaldinu í Úrvinnslusjóð, nema leiðréttingu verði komið við gagnvart kaupanda vörunnar. Sama gildir um gjaldskylda aðila sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. sem tilgreina á reikningum sínum of hátt úrvinnslugjald eða úrvinnslugjald af viðskiptum sem ekki eru gjaldskyld. Til sönnunar á leiðréttingu skal gefa út kreditreikning til kaupanda.

VII. KAFLI

Kærur, málsmeðferð o.fl.

18. gr.

Kæruheimild og kærufrestur.

Heimilt er að kæra álagningu úrvinnslugjalds innan 30 daga frá gjalddaga gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir. Tollstjóri, skattstjóri eða ríkisskattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og tollstjórinn í Reykjavík geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

19. gr.

Lög um vörugjald.

Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í reglugerð þessari skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, eiga við um álagningu, innheimtu, tilkynningarskyldu, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjalddtóku samkvæmt reglugerðinni.

20. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. og 21. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið og öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 578/2000, um álagningu spilliefnagjalds, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. skal koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi á Akranesi.

Deiliskipulagsbreytingar Steinsstaðflöt 25-35 og Tindaflöt 2-10.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 28. janúar 2003, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Steinsstaðflöt 25-35, Akranesi.

Breytingin felst í að í stað 6 tveggja hæða raðhúsa kemur tveggja hæða 8 íbúða fjölbýlishús. Jafnframt eru innbyggðar bílgeymslur felldar niður.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. febrúar 2003, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Tindaflöt 2-10, Akranesi.

Breytingin felst í að stigahús verða 4 í stað 5 og lóðin verður nr. 2-8 við Tindaflöt. Jafnframt falla bílgeymslur undir húsunum niður en í stað þeirra verða 8 bílastæði í bílgeymslum á 1. hæð í nr. 4 og nr. 6. Bílastæði á lóð verða alls 70.

Byggingarlína Tindaflatar 2 og 4 færir um 50 cm nær leiksvæði barna, verður 12 m frá því í stað 12,5 áður. Kvöð er um að breidd göngustíga verði a.m.k. 2 m.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru afgreiddar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 31. mars 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2003

Nr. 229

628

31. mars 2003

REGLUGERÐ

um Kvikmyndasjóð.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi. Íslensk kvikmynd er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila. Verkefni sem styrkt eru af Kvikmyndasjóði skulu hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars.

2. gr.

Úthlutun.

Fjárveitingar Kvikmyndasjóðs greinast milli einstakra greina kvikmyndagerðar sem hér segir:

- a. Til leikinna kvikmynda í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum.
- b. Til heimilda- og stuttmynda.
- c. Til leikins sjónvarpsefnis.

Úthlutað skal úr Kvikmyndasjóði a.m.k. tvisvar á ári. Kvikmyndamiðstöð auglýsir eftir styrkumsóknum og þar skal tilgreina umsóknarfrest og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar er ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði, að fenginni tillögu kvikmyndaráðgjafa sbr. 3. gr.

3. gr.

Kvikmyndaráðgjafar.

Mat á þeim styrkumsóknum sem Kvikmyndamiðstöð berast er í höndum kvikmyndaráðgjafa sem ráðnir eru tímabundið af forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndaráðgjafar skulu hafa þekkingu eða reynslu á sviði kvikmynda og mega ekki hafa hagsmuna að gæta varðandi úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð.

Kvikmyndaráðgjafar leggja fyrir forstöðumann tillögur um styrkveitingu, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða leiknar kvikmyndir í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 8. gr.

Kvikmyndaráðgjafar fylgjast með því að framvinda verks sé í samræmi við ákvæði úthlutunarsamnings sbr. 4. gr. Kvikmyndaráðgjafar geta kallað eftir nánari gögnum og fundað með umsækjendum/styrkþegum eftir þörfum.

4. gr.

Úthlutunarsamningar.

Áður en greiðsla styrks fer fram skal Kvikmyndamiðstöð og styrkþegi gera með sér skriflegan úthlutunarsamning um greiðslutilhögun veitts styrks og skilyrði styrkveitingar og tímabundins vilyrðis. Þar skal m.a. kveðið á um fjármögnun, feril fjármögnunar, framvindu verks, skilyrði fyrir greiðslu á styrk, skil á kynningarefni og heimildir Kvikmyndamiðstöðvar til notkunar á hinu styrkta verki.

II. KAFLI.

Tegundir styrkja, umsóknargögn og kostnaðaráætlun.

5. gr.

Almennt.

Styrkir úr Kvikmyndasjóði geta runnið til handritsgerðar, þróunar, framleiðslu, þ.m.t. tímabundinna vilyrða til framleiðslustyrkja, eftirvinnslu og kynningar. Styrkirnir ná til leikinnar kvikmynda í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsi, til heimilda- og stuttmynda og til leikins sjónvarpsefnis, nema annað sé sérstaklega tekið fram í reglugerð þessari.

6. gr.

Handritsstyrkur.

Handritsstyrk má veita til handritshöfundar, leikstjóra sem vinnur að eigin handriti, framleiðanda eða teymis áðurnefndra. Ef um teymi er að ræða fær höfundur 80% styrkupp-hæðar og framleiðandi 20%. Handritsstyrk má einnig veita til kaupa á höfundarrétti verks, sem fyrirhugað er að skrifa handrit eftir, en slíkir styrkir skulu ávallt greiddir til framleiðanda. Handritsstyrkur til heimildamyndar getur náð til vettvangskönnunar og efnisöflunar. Veiting handritsstyrks er ekki vilyrði fyrir frekari styrkveitingu.

7. gr.

Þróunarstyrkur.

Þróunarstyrk má veita til þróunar handrits og frekari fjármögnunar kvikmyndaverks ef álitid er að frekari þróun muni efla verkið umtalsvert á listrænan, fjárhagslegan eða tækni- legan hátt, eða treysta stöðu verksins að öðru leyti. Þróunarstyrk má aðeins veita framleiðslu- fyrirtækjum sem hafa á að skipa reyndum lykilstarfsmönnum á sviði kvikmyndagerðar. Veit- ing þróunarstyrks er ekki vilyrði fyrir frekari styrkveitingu.

8. gr.

Framleiðslustyrkir.

Framleiðslustyrkir skiptast í eftirtalda flokka:

1. Vilyrði um framleiðslustyrk má veita tímabundið þegar fullbúið handrit liggur fyrir ásamt fjárhags- og fjármögnunaráætlun. Slík vilyrði verða að framleiðslustyrk liggja fyrir skrif- legir samningar eða staðfestingar um að fjármögnun sé að fullu lokið, frá öðrum en Kvik- myndasjóði. Takist ekki að tryggja fjármögnun frá öðrum en Kvikmyndasjóði áður en frestur rennur út og sé ekki veittur viðbótarfrestur, fellur vilyrðið sjálfkrafa úr gildi.
2. Framleiðslustyrk má veita þegar fullbúið handrit liggur fyrir ásamt fjárhags- og fjár- mögnunaráætlun. Skilyrði fyrir framleiðslustyrk er að fyrir liggja skriflegir samningar eða staðfestingar um að fjármögnun sé að fullu lokið frá öðrum en Kvikmyndasjóði.

3. Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar getur veitt framleiðslustyrk vegna leikinnar kvikmyndar í fullri lengd til sýningar í kvikmyndahúsi, án umsagnar kvikmyndaráðgjafa, þegar annað hvort leikstjóri eða framleiðandi hefur fullgert að minnsta kosti eina leikna kvikmynd í fullri lengd og fjármögnun er lokið að öllu öðru leyti en sem nemur framlagi Kvikmyndasjóðs. Skilyrði fyrir framleiðslustyrk er að fyrir liggi skriflegir samningar eða staðfestingar um að fjármögnun sé að fullu lokið frá öðrum en Kvikmyndasjóði. Framleiðslustyrkir sem veittir eru samkvæmt ákvæði þessu skulu ekki nema hærri fjárhæð en 40% af heildarframleiðslukostnaði, þó að hámarki 40 milljónir króna. Jafnframt er skilyrði að heildarframleiðslukostnaður hinnar leiknu kvikmyndar sé að lágmarki 50 milljónir króna. Framleiðslustyrkir skv. þessum tl. ganga alla jafna fyrir öðrum styrkveitingum Kvikmyndasjóðs.

Tímabundin vilyrði og framleiðslustyrkir eru aðeins veittir sjálfstæðum framleiðendum sem hafa reynslu og/eða staðgóða þekkingu á kvikmyndagerð. Sjálfstæður framleiðandi er fyrirtæki sem hefur kvikmyndagerð að meginstarfi.

Skilyrði fyrir úthlutun til leikins sjónvarpsefnis er að efnið sé ætlað til sýningar í sjónvarpi og sýningarréttur hafi verið tryggður í sjónvarpsstöð sem hefur umtalsverða dreifingu. Sjónvarpsstöðin má ekki vera með ráðandi eignarhlut á framleiðslunni, né heldur má sjónvarpsstöðin vera með ráðandi eignarhlut í sjálfstæðu framleiðslufyrirtæki sem sækir um styrk vegna leikins sjónvarpsefnis, hvort sem lítið er til eignaraðildar, hlutafjáreignar eða höfð hliðsjón af viðskiptalegri stöðu. Ráðandi eignarhlutur telst það vera þegar ein sjónvarpsstöð á meira en 25% hlut í framleiðslufyrirtæki (eða eignarhlutur tveggja eða fleiri sjónvarpsstöðva er 50% eða meiri) eða þegar meira en 90% af veltu framleiðslufyrirtækis á þriggja ára tímabili er afrakstur samstarfs við eina sjónvarpsstöð. Sýningarréttur skal renna aftur til framleiðanda innan 7 ára frá undirskrift samnings ef um forsölusamning er að ræða og innan 10 ára ef um samframleiðslusamning er að ræða.

Ef um samframleiðslu fleiri en eins sjálfstæðs framleiðanda er að ræða, verða meðframleiðendur að tilgreina einn aðila samframleiðslunnar sem aðalframleiðanda og heimila honum að skrifa undir samninga við Kvikmyndamiðstöð fyrir sína hönd.

9. gr.

Eftirvinnslustyrkur.

Veita má styrk til eftirvinnslu leikinna kvikmynda í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsi í sérstökum tilvikum, enda hafi þær ekki hlotið framleiðslustyrk úr Kvikmyndasjóði og kvikmyndatöku og klippingu er lokið. Eftirvinnslustyrkur má að hámarki nema 40% af heildarkostnaði kvikmyndar, þó ekki hærri fjárhæð en 10 milljónir króna.

10. gr.

Kynningarstyrkur.

Veita má styrki til kynningar- og markaðssetningar. Skilyrði styrkveitingar er að framleiðslu kvikmyndar sé lokið og áætlun um kynningu og kostnað liggi fyrir.

11. gr.

Umsóknargögn og kostnaðaráætlun.

Umsóknir um styrki til handritsgerðar, þróunar, framleiðslu, þ.m.t. tímabundinna vilyrða til framleiðslustyrkja, eftirvinnslu og kynningar skulu vera skriflegar á þar til gerðum eyðublöðum Kvikmyndamiðstöðvar. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsóknum eftir því sem við á og tilgreina skal á eyðublöðum Kvikmyndamiðstöðvar:

1. Greinargerð umsækjanda um kvikmyndaverk.
2. Fullbúið handrit og/eða efnisútdráttur.

3. Undirbúnings-, töku- og eftirvinnsluáætlun og áætlun um frumsýningardag.
4. Framleiðslu- eða framvinduáætlun.
5. Listi yfir lykilstarfsmenn og leikara.
6. Kostnaðaráætlun á sérstöku formi Kvikmyndamiðstöðvar.
7. Skriflegir samningar eða staðfesting um fjármögnun.
8. Nákvæm fjármögnunaráætlun auk tæmandi upplýsinga um aðra styrki sem sótt hefur verið um og/eða kvikmyndaverkið hefur fengið.
9. Fjárstreymisáætlun.
10. Upplýsingar um alla gerða og fyrirhugaða samframleiðslusamninga.
11. Áætlun um tekjuskiptingu.
12. Vilyrði fyrir sýningu í kvikmyndahúsum á Íslandi.
13. Vilyrði fyrir sýningu í sjónvarpi.
14. Markaðs- og kynningaráætlun.
15. Samningar við alla réttihafa og höfunda kvikmyndaverks.
16. Upplýsingar um menntun og starfsreynslu helstu aðstandenda og lykilstarfsmanna.
17. Upplýsingar um framleiðslufyrirtæki.
18. Upplýsingar um alla aðra samninga sem gerðir hafa verið um framleiðslu og fjármögnun kvikmynda.

Allir fjármögnunar- og samframleiðslusamningar vegna kvikmynda, þ.m.t. eigið framlag framleiðenda þurfa að hljóta samþykki Kvikmyndamiðstöðvar. Í samframleiðslusamningnum skal tíundað hvernig fjármögnun skiptist milli samframleiðenda og hver réttur íslenskra framleiðenda sé. Breytist samningar eftir undirritun úthlutunarsamnings skal framleiðandi tafarlaust upplýsa um þær breytingar og fá samþykki Kvikmyndamiðstöðvar fyrir þeim.

Í kostnaðaráætlun skulu allir liðir færðir á markaðsvirði. Kostnaðaráætlun skal innihalda stjórnunarkostnað sem þó skal ekki vera hærri en 7,5% af heildarkostnaðaráætlun að frádreginni 10% óvissu og þóknun framleiðenda. Þóknun framleiðanda skal miðuð við eðli og umfang verkefnis og háð samþykki Kvikmyndamiðstöðvar.

III. KAFLI.

Greiðslur styrkja, uppgjör o.fl.

12. gr.

Greiðslur styrkja.

Framleiðslustyrkur leikinnar kvikmynda í fullri lengd til sýningar í kvikmyndahúsi er greiddur á fyrsta tökudegi aðaltökutímabils, sé öllum skilyrðum styrkveitingar fullnægt skv. reglugerð þessari og ákvæðum úthlutunarsamnings. Framleiðslustyrkir til annarra flokka kvikmynda skulu greiddir í hlutum eftir framvindu verks skv. ákvæðum úthlutunarsamnings. Sama gildir um greiðslu handritsstyrkja, þróunarstyrkja, eftirvinnslustyrkja og kynningarstyrkja.

13. gr.

Uppgjör og skil.

Uppgjöri vegna styrkveitinga skal skilað innan sex mánaða frá þeim tíma að verki telst lokið skv. úthlutunarsamningi. Kvikmyndamiðstöð er heimilt að krefja styrkþega um uppgjör staðfest af löggiltum endurskoðanda.

Uppgjör skal innihalda sömu liði og upprunaleg kostnaðaráætlun og skulu upphæðir úr kostnaðaráætlun fylgja með til samanburðar. Uppgjör skal einnig innihalda sérstakan lista yfir fjármögnunarfé, þ.m.t. styrki, fjárfestingar, forsölu á sýningarrétti, eftir því sem við á.

Verði verulegar breytingar á handriti, fjármögnun eða kostnaðaráætlun frá umsókn ber styrkþega að tilkynna það Kvikmyndamiðstöð án tafar. Í slíkum tilvikum tekur forstöðu-

maður endanlega ákvörðun um hvort krefjast eigi endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, eða hvort lækka beri fjárhæð styrks sem veittur hefur verið en er ógreiddur.

Verki telst lokið þegar styrkþegi hefur efnt að fullu skyldu sína skv. úthlutunarsamningi við Kvikmyndamiðstöð. Nú lýkur styrkþegi ekki við gerð þess verks, sem styrkur hefur verið veittur til, innan umsamins tíma og skal hann þá endurgreiða styrk sem veittur hefur verið, að frádregnum sannanlegum og réttmætum útlögðum kostnaði vegna verksins að mati forstöðumanns.

Hafi styrkþega eða fyrirtæki sem hann hefur átt aðild að áður verið úthlutað styrk úr Kvikmyndasjóði, ber styrkþega að gera fullnaðarskil áður en hann fær aftur úthlutað. Sé verk í vinnslu skal styrkþegi skila inn milliuppgjöri og skýrslu um stöðu verksins, áður en öðrum styrk er úthlutað.

Styrkþegi skal skila fullnaðaruppgjöri til Kvikmyndamiðstöðvar eigi síðar en 6 mánuðum eftir frumsýningardag. Kvikmyndamiðstöð er heimilt að óska eftir uppgjöri staðfestu af löggiltum endurskoðanda.

14. gr.

Heimildir Kvikmyndamiðstöðvar Íslands o.fl.

Kvikmyndamiðstöð er heimilt í tengslum við menningarlega viðburði að sýna hópi manna héraðs og erlendis kvikmynd sem hlotið hefur styrk. Kvikmyndamiðstöð skal upplýsa framleiðanda um allar slíkar sýningar.

